

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 132/2000

M v/bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bónda

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið þann 18.01. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið 08.05. 2000.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 17.05. sl. þar sem hjálagað fylgdi í afriti tjónstilkynning dags. 21.01. sl., tjónsannáll dags. 02.02. sl, teikning af aðstæðum, yfirlýsing umboðsmanns félagsins dags. 15.05. sl., afrit bréfs félagsins til Tjónarnefndar vátryggingarfélaganna dags. 15.02. sl.
3. Niðurstaða Tjónarnefndar vátryggingarfélaganna nr. 322/2000.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Umræddri bifreið var lagt í stæði við íbúðarhús. Fram kemur að bóndinn hafi skilið hlið eftir opið þannig að hross sluppu út sem “nöguðu” bifreiðina.

Málskotsaðilinn lætur þess getið að bílastæðið sé afgirt og í eigu bóndans. Bóndinn sé og eigandi þeirra hrossa sem hér um ræðir og að hann hafi átt að sjá til þess að þau væru innan girðingar.

Samkvæmt tjónstilkynningu var verið að vinna við lagfæringar á bænum. Er málskotsaðilinn kom út varð hann var við tjónið á bifreiðinni. Fram kemur að “hestarnir voru í girðingu við bæinn en gleymst hafði að loka hliðinu og þeir komist út.”

Vátryggingafélagið telur að ekki sé vitað hvort eða hver gæti hafa skilið hlið girðingarinnar eftir opið og að ekki hafi verið sýnt fram á bótaábyrgð vátryggingartaka (bóndans). Fullyrðing tjónþola í málskotinu að “Jón hafi gleymt hliði á hrossagirðingunni opnu” eigi ekki við rök að styðjast.

Álit.

Undirrituð tjónstilkynning vátryggingartaka verður ekki skýrð á annan veg en þann að gleymst hafi að loka hliðinu á girðingunni og hestarnir því komist út. Í framhaldi þessa varð tjónið á bifreiðinni. Nefndin telur að leggja verði tjónstilkynninguna til grundvallar og að vátryggingartaki verði að bera halla af því að óupplýst er hver skildi hliðið eftir opið. Tjónsannáll er misvísandi. Fram kemur m.a. “er ljóst að hestarnir komust út og að bílnum og telji hann sig ábyrgan á því (þ.e. vátryggingartaki – innskot nefndarinnar), enda hafi hann ekki sérstaklega gætt að hliðinu í þetta sinn, sem hann hefði betur gert.” Miðað við fyrirliggjandi gögn telur vátryggingartaki sig bera ábyrgð vegna máls þessa. Að teknu tilliti til framanritaðs og atvika allra er bótaábyrgð fyrir hendi samkvæmt fyrirliggjandi ábyrgðartryggingu.

Fyrirliggjandi gögn gefa ekki tilefni til að skerða réttarstöðu málskotsaðila vegna eigin sakar. Ekki liggur fyrir að ökumaðurinn hafi lagt bifreiðinni óvarlega.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt fyrirliggjandi ábyrgðartryggingu.

Reykjavík 6. maí 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.